



# *Gardar Jónsson*

*Fæddur 21. janúar 1966*

*Dáinn 1. mars 2021*



*Útför frá Akraneskirkju  
föstudaginn 12. mars 2021*

*Tónlist fyrir athöfn*

**FORSPIL**

*Ave María*  
Sigvaldi Kaldalóns

**BÆN**

Dag í senn, eitt andartak í einu,  
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.  
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,  
þegar Guð minn fyrir öllu sér?  
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni  
minna daga skammt af sæld og þraut,  
sér til þess, að færa leið ég finni  
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,  
á við hverjum vanda svar og ráð,  
máttur hans er allri hugsun hærri,  
heilög elska, viska, föðurnáð.  
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,  
það er nóg, að Drottinn segir mér:  
Náðin mín skal nægja hverjum degi,  
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum  
frið og styrk, sem ekkert buga má.  
Auk mér trú og haltu huga mínum  
helgum lífsins vegi þínum á,  
svo að ég af hjartapeili hreinu,  
hvað sem mætir, geti átt með þér  
daginn hvern, eitt andartak í einu,  
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

*O. Ahnfelt - Sigurbjörn Einarsson*

**RITNINGARORÐ**

**EINSÖNGUR OG KÓR**

*Brú yfir boðaföllin*  
Paul Simon – Ómar Ragnarsson






*Gullblómið*

Þar sem Gullblómið grær  
Ekkert illt þar að finna  
Þó flestum finnst fjær  
Þá vil ég á það minna.

Kærleikans móðurmál  
Er guð í þinni sál.  
Guðdómsins viskuskál  
er hjartans innsta bál.

*Garðar Jónsson*





### *Í upphafi og áfram.*

Ég tómhentur lagði í langa för  
fortíðin rógborin barin.  
Mig teymdi tvennt von og svör  
sálin í molum marín.

Þegar litid hafði litla stund  
óttinn hafði mig undir.  
Þekkti ei stíginn veik mín lund  
kaldir múrar hrundir.

Settist niður kaldur sár  
villtur í eigin heimi.  
Hugsanir blindar fögur fær  
rekald aumt á sveimi.




Á botninn náði leiðin fær  
ógjarnan þó í lagði.  
Allt þó betra en í gær  
óttinn hvarf og þagði.

Aukinn styrkur skref fyrir skref  
hægt en öruggt varði.  
Trúin vonin og örlítið ef  
orðinn mælikvarði.


Lít til baka farna slóð  
uppistendur þetta.  
Kristur vörðu í mér hlóð  
að markmiðinu setta.

*Garðar Jónsson*











## RITNINGARORÐ

### EINSÖNGUR

*Söknuður*

*Jóhann Helgason – Vilhjálmur Vilhjálmsson*

### GUÐSPJALL

### EINSÖNGUR OG KÓR

*Minning*

*Bob Dylan – Ingibjörg Gunnarsdóttir*

### MINNINGARORÐ

### EINSÖNGUR

*Minn bátur*

*Björn Eidsvåg – Halldór Hallgrímsson*

### LJÓÐALESTUR

*Gullblómið*

*Garðar Jónsson*

### BÆN/FAÐIR VOR

### EINSÖNGUR

*Faðir vor*

*Albert Hay Malotte*

### MOLDUN





*Almennur söngur*

Son Guðs ertu með sanni,  
sonur Guðs, Jesú minn,  
son Guðs, syndugum manni  
sonar arf skenktir þinn,  
son Guðs einn eingetinn,  
syni Guðs syngi glaður  
sérhver lifandi maður  
heiður í hvert eitt sinn.

*Hallgrímur Pétursson*

**BLESSUN**

**EFTIRSPIL**

*Bohemian Rhapsody*

*Freddie Mercury*

*Prestur: Sr. Þráinn Haraldsson*

*Organisti: Sveinn Arnar Sæmundsson*

*Einsöngur: Ásta Marý Stefánsdóttir og Halldór Hallgrímsson*

*Ljóðalestur: Ingbór Bergmann Þórhallsson*

*Gítar: Halldór Hallgrímsson*

*Bassi: Ingbór Bergmann Þórhallsson*

*Slagverk: Daníel Friðjónsson*

*Kammerkór Akraneskirku*

*Útfararþjónusta Akraneskirku*

*Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug*